

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 249 29. júní 1992.

1. gr.

Í stað „36.000 krónur“ í a-lið 1. mgr. 5. gr., sbr. reglugerð nr. 44/1998, kemur: 50.000 krónur.

2. gr.

Stafliður h í 8. gr., sbr. reglugerð nr. 173/1997, fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

12. maí 1998

Nr. 278

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Samherja hf., vegna fiskmjölsverksmiðjunnar Fiskimjöl og lýsi, Grindavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Samherja hf. vegna fiskmjölsverksmiðjunnar Fiskimjöl og lýsi, Grindavík, kt. 610297-3079. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlaðist gildi 9. maí 1998, og gildir til 31. desember 1998.

Reykjavík, 12. maí 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

12. maí 1998

Nr. 279

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Tanga hf., fiskmjölsverksmiðju á Vopnafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Tanga hf., fiskmjölsverksmiðju á Vopnafirði, kt. 551265-0219. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlaðist gildi 5. maí 1998, og gildir í 4 ár frá útgáfudegi.

Reykjavík, 12. maí 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.